



GARO GLB+ heimahleðslustöð

Uppsetning/Viðhald/Notendaleiðbeiningar

Handbók 380200-2.2



GARO AB

Box 203, SE-335 25 Gnosjö

Sími: +46 (0) 370 33 28 00

info@garo.se


garo.se



GARO®

GARO GLB+ heimhleðslustöð


með snúru og tengli, gerð 1 eða 2



- A. Framhlið
- B. Hlíf
- C. Bakhlið
- D. Gaumljós
- E. Lykill
- F. Tengill, gerð 1 eða 2
- G. Innstunga úttaks, gerð 2
- H. Lekaliði eða lekaliði með yfirstraumsvörn. Orkumælir.

GARO GLB+ heimhleðslustöð

með úttaksinnstungu, gerð 2



EFNISYFIRLIT

Um þessa handbók	5
Öryggisupplýsingar	6
Skýringarmyndir með málum	12

Leiðbeiningar um samsetningu fyrir uppsetningaraðila **13**

Innihald kassa	15
Nauðsynleg verkfæri og efni	16
Nákvæmar uppsetningarleiðbeiningar	17

Notendaleiðbeiningar **24**

Hleðsla rafbila	27
Endurstilling/stilling lekaliða eða lekaliða með yfirstraumsvörn	29
Umhirða	30
Eyðublað fyrir árlega þjónustu og viðhald	31
Úrræðaleit	33
Ábyrgðarskjal / Garantiformulär	40
Ábyrgðarskilmálar	41

Um þessa handbók

Þessari handbók er ætlað að veita nauðsynlegar upplýsingar fyrir hleðslu rafbíls með Garo-heimahleðslustöð af gerðinni GLB+.




Þetta fylgiskjal inniheldur almennar lýsingar sem staðfest hefur verið að séu réttar við prentun fylgiskjalsins. Aftur á móti leggur GARO áherslu á stöðuga þróun og áskilur sér því rétt á að breyta vörinni eftir hentugleika.

Öryggisupplýsingar


Hættuflokkar og sérstök ták


Lesið þessar leiðbeiningar vandlega fyrir uppsetningu, notkun og viðhald heimahleðslustöðvarinnar.










Geymið handbókina til síðari nota.

	Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla
	Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta leitt til smávægilegra eða nokkurra meiðsla
	Gefur til kynna verklag sem ekki hefur í för með sér hættu á meiðslum




Viðvaranir

 Þessi búnaður er ekki ætlaður til notkunar fyrir fólk (þar með talið börn) með skerta líkamlega, skynræna eða vitsmunalega skerðingu eða fólk sem skortir reynslu eða þekkingu á notkun hans, nema viðkomandi sé undir eftirliti eða fái leiðbeiningar um notkun búnaðarins frá þeim aðila sem ber ábyrgð á öryggi viðkomandi.







 GLB+ hleðslustöðvalínan er eingöngu hönnuð fyrir hleðslu rafbíla.

-  GLB+ heimahleðslustöðin krefst jarðtengingar í gegnum fasttengt leiðslukerfi.
-  Ekki setja GLB+ heimahleðslustöð upp né nota hana nálægt eldfimur, sprengifimur, ætandi eða brennanlegum efnum, íðefnum eða gufum.
-  Sláið út rafmagni fyrir uppsetningu, stillingu eða þrif GLB+ heimahleðslustöðvar.
-  Notið GLB+ heimahleðslustöðina eingöngu innan uppgefinna vinnslufæribreytna.
-  Aldrei sprauta vatni eða öðrum vökva á GLB+ heimahleðslustöðina. Aldrei sprauta vökva á hleðsluhandfangið eða dýfa því í vökva. Geymið hleðsluhandfangið í kvínni til að verja það gegn óhreinindum eða raka.
-  Ekki nota búnaðinn ef hann ber merki skemmda eða ef hleðslusnúran ber merki skemmda.
-  Ekki breyta uppsetningu búnaðarins eða nokkrum hluta vörunnar.
-  Ekki snerta endatengi GLB+ heimahleðslustöðvarinnar með fingrum eða öðrum hlutum.
-  Ekki stinga hlutum inn í GLB+ heimahleðslustöðina.

Varúðarráðstafanir


-  Ekki nota rafstöðvar til að knýja hleðslu.
-  Röng uppsetning og prófun GLB+ heimahleðslustöðvar getur mögulega skemmt rafhlöðu bílsins og/eða hleðslustöðina sjálfa.
-  Ekki nota GLB+ heimahleðslustöð utandyra við hitastig sem er utan uppgefinna vinnslumarka – sjá tæknilegar upplýsingar.

Athugasemdir

-  Uppsetning heimahleðslustöðva skal vera í höndum vottaðs uppsetningaraðila og uppfylla öll staðbundin lög og reglugerðir um uppsetningu.
-  Tryggið að hleðslusnúra GLB+ heimahleðslustöðvarinnar sé þannig frágengin að ekki sé hægt að stíga á hana, aka yfir hana eða detta um hana eða hún á annan hátt verði fyrir skemmdum eða óþarfa álagi.
-  Dragið hleðslusnúruna út til að koma í veg fyrir ofhitnun.
-  Ekki nota leysiefni til að þrifa íhluti GLB+ heimahleðslustöðvarinnar. Reglulega skal þurrka óhreinindi og ryk af ytra byrði GLB+ heimahleðslustöðvarinnar, hleðslusnúru og enda hleðslusnúrunnar með hreinum og þurrum klút.
-  Gætið þess að skemma ekki prentplötur eða íhluti við uppsetningu.
-  Leitið upplýsinga í staðbundnum stöðlum og reglugerðum til að tryggja að hleðslustrumur sé innan marka.




- ① Framhliðin skal ávallt vera læst í efri stöðu til að uppfylla IP-merki IP44.
- ① Forðist að hengja heimahleðslustöðina upp þar sem sól getur skinið á hana. Hleðslustrumurinn er lækkaður í 16 amper ef heimahleðslustöðin verður of heit að innan. Einnig er hugsanlega slökkt alveg á hleðslu ef heimahleðslustöðin verður of heit. Þetta er öryggiseiginleiki sem á að tryggja endingu vörunnar.
- ① Mikilvægt er að nota breytilegan fasa til að jafna álag þegar margar GLB-heimahleðslustöðvar eru tengdar inn á sama kerfi. Hafið í huga að einfasa hleðsla er algeng í rafbílum og L1 í GLB+ er notuð fyrir slíka bíla.
- ① Þessi vara hefur staðist prófanir á spennueinangrun í verksmiðju. Mikilvægt er að tengja vöruna ekki þegar ytri prófun á spennueinangrun er framkvæmd þar sem rafeindabúnaður vörunnar er tengdur við jörð.
- ① Notið EVSE-prófunarkassa til að staðfesta að GLB+ heimahleðslustöðin virki rétt að uppsetningu lokinni.

TÆKNILÝSINGAR

Vörugerð	Allar gerðir GLB+
Staðlar/tilskipanir	IEC 61851-1 og IEC 61439-7
	CE RoHS 
EMC-flokkun:	2014/30/EU
Uppsetningaraðferð:	Veggur
Uppsetningarumhverfi:	Innanhúss/utandyra
Tegund staðar:	Ótakmarkaður aðgangur
Málpenna:	Einsfasa 230VAC / þriggja fasa 400VAC, fer eftir gerð
Uppsetningarkerfi:	TT-, TN- og IT-kerfi
Hleðslugerð:	Mode 3
Hleðsluáðferð	AC-hleðsla
Verndarflokkur:	IP44
Vélrænt höggþol:	IK08
Hitasvið:	-25 oC+40 oC
Uppsetningarhæð:	0,5-1,5 metrar frá jörðu að neðri brún hleðslustöðvar
Þyngd:	3-5.4 kg, fer eftir gerð
Stöðluð snúrlengd (áfest snúruútgáfa):	Stöðluð lengd 4,5m
Málstraumþol	10kA
Skammtímastraumþol	10kA
Skammhlaupsstraumþol búnaðar	10kA
Gerð skammhlaupsvarnar	Gerð C (ef til staðar)

Höggspennuból	4kV
Máleinangrunarspenna	230/400V
Málstraumur hveirrar rafrásar	32A
Dreifstuðull	RDF=1
Mengunarstig:	3
EMC-umhverfisaðstæður	A og B
RFID-tíðnisvið	13,56 Mhz
RFID-útgangsafl	250mW

Skýringarmyndir með málum



LEIÐBEININGAR UM SAMSETNINGU FYRIR UPPSETNINGARAÐILA

GARO-heimahleðslustöð er riðstraumshleðslubúnaður fyrir hleðslugerð 3 sem uppfyllir kröfur IEC 61851-1 og IEC TS 61439-7.

Varan uppfyllir IP-merki IP44, með lokaðri framhlið.

Hleðslustöðin er ætluð til uppsetningar á vegg eða sérstökum standi fyrir GARO-heimahleðslustöðvar og uppsetningin skal vera í höndum vottaðs uppsetningaraðila og uppfylla öll staðbundin lög og reglugerðir um uppsetningu.

Mikilvægar upplýsingar fyrir uppsetningaraðila:

- ① Uppsetning heimahleðslustöðva skal vera í höndum vottaðs uppsetningaraðila og uppfylla öll staðbundin lög og reglugerðir um uppsetningu.



(mynd 6)

Dæmi gerðarmerki


(tafla 1)

	Protection type			
	1-phase ¹⁾	3-phase ²⁾	No RCBO	RCBO
GLB+				
GLB-B-...37..-A-..	•			•
GLB-B-...74..-A-..	•			•
GLB-B-...22..		•	•	

- 1) Hægt er að hliðtengja einfasa hleðslubúnað með lekaliða með yfirstraumsvörn. Verja þarf hliðtengdar hleðslustöðvar með aukaöryggi í tengikassanum. Aukaöryggið má ekki vera yfir 125 amper.
- 2) Verja þarf þriggja fasa hleðslubúnað með bæði 30 mA lekaliðatæki af gerð A og öryggi að hámarki 32 amper í tengikassanum.

- GLB+ heimahleðslustöðvar eru með innbyggða jafnstraumsvörn sem uppfyllir IEC 60364-7-722.
- Reikna þarf út hámarksstraum við notkun. Notið leiðara í stærð sem uppfyllir staðbundnar reglugerðir um raflagnir. Valin snúra þarf að geta þolað samfellt álag upp í 32 amper. Framleiðandi mælir með að notaðir séu að lágmarki 6 mm² leiðarar (16 amper) / 10 mm² leiðarar (32 amper) til að koma í veg spennufall.
- Reikna þarf fjarlægðina til að tryggja minnsta mögulega spennufall.

Innihald kassa



Borsniðmát
(aftan á kassanum)



GLB-heimahleðslustöð



Lyklar




Handbók

Nauðsynleg verkfæri og efni

Áður en Garo-heimahleðslustöðin er sett upp þarf að finna til eftirfarandi verkfæri og efni:


- Blýantur eða tússpenni
- Gatari (valfrjáls, til að gera gat á pappasniðmátið)
- Vírklippur
- Voltmælir eða stafrænn fjölmælir (til að mæla jafnstraumsspennu á uppsetningarstað)
- Lítið flatt skrufjárn
- Miðlungsstórt flatt skrufjárn
- Stórt flatt skrufjárn (valfrjálst, til að fjarlægja plasttappa úr bakhlið GLB+ heimahleðslustöðvarinnar)
- T20 Torx-skrufjárn
- 3 skrufur (og tappar) sem henta í viðkomandi vegg
- Hólkur (þvermál hólkanna ræðst af þvermáli raflagna og samsetningu)
- Hallamál
- Borvél
- Snúrukragi fyrir samskiptasnúru (eingöngu valfrjáls þegar tappar eru teknir úr bakhlið GLB+ heimahleðslustöðvarinnar)

Nákvæmar uppsetningarleiðbeiningar



(mynd 7)





1. Lesið öryggisleiðbeiningarnar
 - ❗ Uppsetning heimahleðslustöðva skal vera í höndum vottaðs uppsetningaraðila og uppfylla öll staðbundin lög og reglugerðir um uppsetningu.
2. Tryggið að rafmagnskapallinn sé einangraður
 - ⚠ Sláði út rafmagn fyrir uppsetningu, stillingu eða þríf GLB+ heimahleðslustöðvar.
3. Takið borsniðmátið af umbúðunum (sjá „Innihald kassa“)
4. Festið borsniðmátið á vegginn þar sem setja á hleðslustöðina upp. Viðeigandi hæð – sjá „Tæknilegar upplýsingar“.
 - ⚠ Ekki setja GLB+ heimahleðslustöð upp né nota hana nálægt eldfimum, sprengifimum, ætandi eða brennanlegum efnum, iðefnum eða gufum.
 - ❗ Forðist að hengja heimahleðslustöðina upp þar sem sól getur skinið á hana. Hleðslustraumurinn er lækkaður í 16 amper ef heimahleðslustöðin verður of heit að innan. Einnig er hugsanlega slökkt alveg á hleðslu ef heimahleðslustöðin verður of heit. Þetta er öryggiseiginleiki sem á að tryggja endingu vörunnar.



(mynd 8)

5. Borið/merkið eftir leiðbeiningum á borsniðmátinu.
6. Takið framhliðina úr lás með meðfylgjandi lykli og rennið henni niður.
7. Framhliðin er með innbyggðan stoppara. Farið er yfir stopparann með því að grípa í neðri brún framhliðarinnar og toga hana út og niður.
8. Losið skrufurnar sjö og takið hlífina af bakhliðinni.


Fasatenging fyrir þriggja fasa
hleðslustöð í þriggja fasa kerfi er
eins og sýnd er hér að neðan. Þegar
þriggja fasa hleðslustöð er tengd við
einfasa kerfi þarf að tengja fasa við L1.




9. (Valfrjálst, eingöngu þegar samskiptasnúra er tengd við GLB+)

Losið tappann úr bakhlið GLB+ heimahleðslustöðvarinnar og setjið snúrukragann í. Sjá rauðan hring á mynd 9. Leiðið samskiptasnúruna í gegnum snúruinntakið.


10. Skrúfið bakhliðina á veginn með þremur skrúfum sem henta fyrir viðkomandi vegg. Sjá rauðar örvar á mynd 9.
11. Leiðið snúruna í gegnum snúruinntakið.
 - ❗ Gætið þess að skemma ekki prentplötur eða íhluti við uppsetningu.
12. Tengjið snúruna í tengistykkin. Tengistykkin eru fyrir 1,5-6 mm² og upp í 10 mm² snúrur í 32 ampera heimahleðslustöð.
 - ⚠ GLB+ heimahleðslustöðin krefst jarðtengingar í gegnum fasttengt leiðsluferfi.
 - ⚠ Notið GLB+ heimahleðslustöðina eingöngu innan uppgefinna vinnslufæribreytna.
13. Kannið hvort lækka þurfi hleðslustrauminn. Ef svo er skal fara í hlutann: Hleðslustraumurinn lækkaður.
 - ⚠ Röng uppsetning og prófun GLB+ heimahleðslustöðvar getur mögulega skemmt rafhlöðu bílsins og/eða hleðslustöðina sjálfa.
 - ❗ Leitið upplýsinga í staðbundnum stöðlum og reglugerðum til að tryggja að hleðslustrumur sé innan marka.
 - ❗ Mikilvægt er að nota breytilegan fasa til að jafna álag þegar margar GLB+ heimahleðslustöðvar eru tengdar inn á sama kerfi. Hafið í huga að einfasa hleðsla er algeng í rafbílum og L1 í GLB+ er notuð fyrir slíka bíla.
 - ❗ Þessi vara hefur staðist prófanir á spennueinangrun í verksmiðju. Mikilvægt er að tengja vöruna ekki þegar ytri prófun á spennueinangrun er framkvæmd þar sem rafeindabúnaður vörunnar er tengdur við jörð.



14. Setjið hlífina varlega á framan frá. Tryggið að innfellingarnar hægra megin fallin inn í raufina og hlífín falli rétt að allan hringinn.
15. Festið tungumálamerki á hlið hleðslustöðvarinnar; veljið viðeigandi tungumál. Sjá mynd 10.
16. Festið hlífina tryggilega með skrúfunum sjö.
17. Staðfestið að kveikt sé á lekaliða/lekaliða með yfirstraumsvörn.



18. Rennið framhliðinni aftur á frá neðri brún.
19. Læsið framhliðinni með lyklinum.



(mynd 12)



20. Tengid við rafmagn og gangid úr skugga um að gaumljósið logi grænt.
21. Ef svo er ekki skal fara í hlutann: Úrræðaleit
22. Þegar gaumljósið logar grænt er hleðslustöðin tilbúin til notkunar.
 - ⓘ Notið EVSE-pröfunarkassa til að staðfesta að GLB+ heimahleðslustöðin virki rétt að uppsetningu lokinni.


NOTENDALEIÐBEININGAR

Til hamingju með GARO-heimahleðslustöðina þína og takk fyrir að leggja þitt af mörkum fyrir umhverfið. GARO-heimahleðslustöð er riðstraumshleðslubúnaður fyrir hleðslugerð 3 sem uppfyllir kröfur IEC 61851-1 og IEC TS 61439-7.

Varan uppfyllir IP-merki IP44, með lokaðri framhlið.

Hleðslustöðin er ætluð til uppsetningar á vegg eða sérstökum standi fyrir GARO-heimahleðslustöðvar og uppsetningin skal vera í höndum vottaðs uppsetningaraðila og uppfylla öll staðbundin lög og reglugerðir um uppsetningu.

-  Þessi búnaður er ekki ætlaður til notkunar fyrir fólk (þar með talið börn) með skerta líkamlega, skynræna eða vitsmunalega skerðingu eða fólk sem skortir reynslu eða þekkingu á notkun hans, nema viðkomandi sé undir eftirliti eða fái leiðbeiningar um notkun búnaðarins frá þeim aðila sem ber ábyrgð á öryggi viðkomandi.
 -  GLB+ hleðslustöðvalínan er eingöngu hönnuð fyrir hleðslu rafbíla.
 -  Ekki setja GLB+ heimahleðslustöð upp né nota hana nálægt eldfimur, sprengifimur, ætandi eða brennanlegum efnum, íðefnum eða gufum.
 -  Notið GLB+ heimahleðslustöðina eingöngu innan uppgefina vinnslufæribreytna.
 -  Ekki nota búnaðinn ef hann ber merki skemmda eða ef hleðslusúran ber merki skemmda.
 -  Ekki snerta endatengi GLB+ heimahleðslustöðvarinnar með fingrum eða öðrum hlutum.
 -  Ekki nota rafstöðvar til að knýja hleðslu.
 -  Röng uppsetning og prófun GLB+ heimahleðslustöðvar getur mögulega skemmt rafhlöðu bílsins og/eða hleðslustöðina sjálfa.
 -  Ekki nota GLB+ heimahleðslustöð utandyra við hitastig sem er utan uppgefina vinnslumarka – sjá tæknilegar upplýsingar.
 -  Tryggið að hleðslusúra GLB+ heimahleðslustöðvarinnar sé þannig frágengin að ekki sé hægt að stíga á hana, aka yfir hana eða detta um hana eða hún á annan hátt verði fyrir skemmdum eða óþarfa álagi.
 -  Dragið hleðslusúruna út til að koma í veg fyrir ofhitnun.
- Forðist að hengja heimahleðslustöðina upp þar sem sól getur skinið á hana. Hleðslustráurinn er lækkaður í 1.6 amper ef heimahleðslustöðin verður of heit að innan. Einnig er hugsanlega slökkt alveg á hleðslu ef heimahleðslustöðin verður of heit. Þetta er öryggiseiginleiki sem á að tryggja endingu vörunnar.




Hleðsla rafbíla

1. Tengjið heimahleðslustöðina við bílinn með snúrunni.
2. Þegar hleðsla hefst gefur púlsandi blátt ljós til kynna að hleðsla standi yfir.
3. Stöðvið hleðslu. Snúran er læst í bæði innstunguna á heimahleðslustöðinni og innstunguna á bílnum. Af þeim sökum þarf að stöðva hleðsluna í bílnum áður en snúran er fjarlægð. Stöðvið hleðslu í samræmi við leiðbeiningahandbók bílsins og takið snúruna úr sambandi við bílinn áður en hún er tekin úr sambandi við hleðslustöðina.
4. Að hleðslu lokinni skal tryggja að snúran sé annað hvort fjarlægð eða hún gerð upp og hengd upp til að koma í veg fyrir skemmdir á henni eða möguleika á að fólk falli um hana.

Þegar heimahleðslustöðvar eru með innstungu er mikilvægt að tryggja að uppgefinn straumur hleðslusnúrunnar ráði fyrir úttaksstraum heimahleðslustöðvarinnar. Ef hleðslustraumur er t.d. 32 amper þarf að nota 32 ampera snúru.





Stöðu heimahleðslustöðvarinnar er hægt að sjá á lit gaumljóssins (D):

- Grænt: hleðslustöð er tilbúin, bíll ekki tengdur.
- Púlsandi blátt ljós: hleðslustöð tengd við bíl, hleðsla stendur yfir.
- Blikkandi gult ljós: kannið staðfestingu RFID-merkis.
- Rautt ljós: sjá hlutann „Úrræðaleit“.




(mynd 17)

Endurstilling/stilling lekaliða eða lekaliða með yfirstraumsvörn






-  Ekki breyta uppsetningu búnaðarins eða nokkrum hluta vörunnar.
-  Ekki snerta endatengi GLB+ heimahleðslustöðvarinnar með fingrum eða öðrum hlutum.
-  Ekki stinga hlutum inn í GLB+ heimahleðslustöðina.
-  Röng uppsetning og prófun GLB+ heimahleðslustöðvar getur mögulega skemmt rafhlöðu bílsins og/eða hleðslustöðina sjálfa.

Ef heimahleðslustöðin er búin lekaliða eða lekaliða með yfirstraumsvörn (H). Komi til ofhleðslu/bilunar í jörð er lekaliðinn hugsanlega virkjaður. Þessi íhluti þarf einnig að stilla á sex mánaða fresti.

Verklag við endurstilling/stillingu:

1. Takið bílinn úr sambandi.
 2. Opnið framhliðina með meðfylgjandi lykli.
 3. Rennið framhliðinni (A) niður.
 4. Endurstillið útsláttarrofann. Eftir stillingu er ýtt á prófunarhnappinn og útsláttarrofinn svo endurstilltur.
 5. Lokið með því að renna framhliðinni upp.
 6. Læsið framhliðinni með lyklinum.
-  Framhliðin skal ávallt vera læst í efri stöðu til að uppfylla IP-merki IP44.

Umhirða

-  Ekki setja GLB+ heimahleðslustöð upp né nota hana nálægt eldfimur, sprengifimur, ætandi eða brennanlegum efnum, íðefnum eða gufum.
-  Sláið út rafmagni fyrir uppsetningu, stillingu eða þrif GLB+ heimahleðslustöðvar.
-  Aldrei sprauta vatni eða öðrum vökva á GLB+ heimahleðslustöðina. Aldrei sprauta vökva á hleðsluhandfangið eða dýfa því í vökva. Geymið hleðsluhandfangið í kvínni til að verja það gegn óhreinindum eða raka.
-  Ekki nota leysiefni til að þrifa íhluti GLB+ heimahleðslustöðvarinnar. Reglulega skal þurrka óhreinindi og ryk af ytra byrði GLB+ heimahleðslustöðvarinnar, hleðslusúru og enda hleðslusúrunnar með hreinum og þurrum klút.
-  Forðist að hengja heimahleðslustöðina upp þar sem sól getur skinið á hana. Hleðslustrumurinn er lækkaður í 16 amper ef heimahleðslustöðin verður of heit að innan. Einnig er hugsanlega slökkt alveg á hleðslu ef heimahleðslustöðin verður of heit. Þetta er öryggiseiginleiki sem á að tryggja endingu vörunnar.

Hleðslustöðin þriffin

Mælt er með því að GLB+ heimahleðslustöð sé þriffin með mjúkum og þurrum klút. Aldrei nota grófa hreingerningasvampa eða ætandi hreinsiefni.

Eyðublað fyrir árlega þjónustu og viðhald

Gerð/auðkennisnúmer

Heiti:

Dagsetning:

Utan á GLB+

Skoðunatriði fyrir árlegt viðhald	Staða/gildi	Athugasemd/ummæli
Sjónræn skoðun á ytra byrði stöðvar		
Kveikt á LED-gaumljósum		
Skoðun á snúrum, tengjum, tengipinum		
Skoðun á innstungum		
Skoðun á lit, málmþynnum og leiðbeiningum		
Skoðun á festingum við jörð eða vegg		
Próf á ytra byrði GLB-hleðslustöðvarinnar		
Skoðun á læsingarbúnaði		
Rekstrarprófun með prófunarbúnaði GARO eða svipuðum búnaði		
Athugað hvort rafstraumur sé veittur samkvæmt prófunarbúnaði		
Skoðun á RFID-lesara (sé hann settur upp). Gaumljós frá LED-ljósum		
Skoðun á læsingarbúnaði tengis af gerð 2 (útgáfur með tengi af gerð 2)		

Slökkvið á rafmagninu







Innan í GLB+





Skoðunaratriði fyrir árlegt viðhald	Staða/gildi	Athugasemd/ummæli
Athugið þéttingar/togfestu		
Skoðun á átaki stofnlínutengja		
Athugið átak skrúfna sem festa GLB-hleðslustöðina við jörð/vegg		
Athugið átak tengla á segulrofi, rafliðum, raforkumælum		
Athugið tengi á aðaltöflu		
Mæling á jörðunarviðnámi (Ohm) á innstungum/-snúrum fyrir rafbíla með fjölsviðsmæli		
Þrifið að innan þegar nauðsyn krefur		
Kveikið á rafmagninu		
Athugið hleðsluvirkni beggje megin		






Úrræðaleit


Gaumljós	Bilun	Úrræði
Rautt ljós	Lekaliði eða útsláttarrofi hefur slegið út rafmagni.	Endurstillið. Sjá hlutann „Lekaliði eða útsláttarrofi endurstilltur“.
	Biluð snúra	Skoðið snúruna
	Lás í innstungu ekki í læstri stöðu.	Hafið samband við rafvirkja.
	Annað	Hafið samband við rafvirkja.
Ekkert ljós		Athugið rafmagnsöryggi.





Ef þessi ráð koma ekki að gagni skal hafa samband við vottaðan uppsetningaraðila.








LED-gaumljós	Kringumstæður	Villa
 Stöðugt	Enginn bíll tengdur	Hleðslustöð tiltæk og reiðubúin fyrir hleðslu
	Bíll tengdur	State B: Bíll tengdur en ekki reiðubúinn fyrir hleðslu
	Bíll tengdur	State C: Bíll tengdur og reiðubúinn fyrir hleðslu, en hleðslustöð þarf heimild til að byrja að hlaða (Ókeypis hleðsla = „OFF“).
 Blikkar (þrisvar sinnum)	Pegar bíll tengist	Hleðslustöðin skynjar að snúra er tengd, en skynjar ekki enn bílinn.
 Blikkar (30 sekúndna blikk)	Hvenær sem er á meðan notkun stendur	Hleðslustöð hefur móttengið bakendaskipun um að hefja hleðslu og bíður þess að billinn sé tengdur.
 Stöðugt	Bíll tengdur	Hleðsla í gangi (State C)
	Bíll tengdur	Hlé gert á hleðslu (state B)
 Blikkar	Hvenær sem er á meðan notkun stendur	Frátekin hleðslustöð/-punktur fyrir ákveðinn notanda.
 Stöðugt	Hvenær sem er á meðan notkun stendur	Skynjari fyrir straumgalla gæti verið bilaður.
	Hvenær sem er á meðan hleðslu stendur	Útsláttarrofi lekaliða (RCCB) er ræstur.
	Hvenær sem er á meðan hleðslu stendur	Galli í straumi skynjaður.
	Hvenær sem er á meðan hleðslu stendur	Útsláttarrofi (MCB) ræstur – ofhleðsla/skammhlaup
	Hvenær sem er á meðan hleðslu stendur	Mótorlás tengilsins af gerð 2 var sleppt/aflest (hægt er að fjarlægja snúruna).
	Pegar bíll tengist	Innstunga úttaks getur ekki virkjað læsingarbúnað til að læsa tenginu.
	Pegar bíll tengist	Hleðslusnúra er skemmd.

LED-gaumljós	Kringumstæður	Villa
 Stöðugt (3 sekúndur)	Þegar RFID-merki er borið að	RFID-kort er ógilt eða ekki samþykkt af bakenda.
 Blikkar	Hvenær sem er á meðan notkun stendur	Óvirk hleðslustöð/-punktur.
 Blikkar	Þegar RFID-merki er borið að	Hleðslustöð vinnur úr staðfestingu á RFID í skýjaþjónustu.
 EKKERT LJÓS	Ekkert rafmagn á hleðslustöð og innri mælum.	Útsláttarrofi í bakátt hefur verið ræstur.
	Ekkert rafmagn á hleðslustöð (ekkert LED-ljós) en innri mælar eru með rafmagn.	12-volta aflgjafinn er með rafmagn, en hleðslustýringin/-stýringarnar eru ekki með grænt LED-ljós [reiðubúið]. LED-ljósið ætti að blikka grænt þegar starfsemi er eðlileg.

LED-gaumljós	Úrræði 1	Úrræði 2
 <p>Stöðugt</p>	Engin villa	<p>Hefur allt verið reynt án árangurs? Undirskrift uppsetningaraðila:</p>
	Athugið stillingar bílsins sem geta stýrt hleðslu, t.d. gír þegar bílnum er lagt, dyr lokaðar, bill læstur, o.s.frv.	
	Leggið gilt RFID-merki upp við RFID-lesarann (leitið að RFID-tákni), hefjið hleðslu með símaforritinu eða hafið samband við stjórnanda hleðslustöðvar til að hefja hleðslu þaðan.	
	Ef hleðslustöðin á að virka án auðkenningar með RFID/forriti skal hafa samband við bakendastjórnanda og biðja um staðfestingu á að kveikt sé á „Ókeypis hleðslu“.	
 <p>Blikkar (þrisvar sinnum)</p>	Tengið hleðslunúruna við rafbílinn eða staðfestið að snúran sé rétt tengd. Ef það virkar ekki skal prófa aðra hleðslunúru ef mögulegt.	
 <p>Blikkar (30 sekúndna blikk)</p>	Tengið hleðslunúruna eða staðfestið að snúran sé rétt tengd.	
 <p>Stöðugt</p>	Engin villa	
 <p>Blikkar</p>	Engin villa (hafið samband við bakendastjórnanda ef þetta er ekki rétt stilling)	Hefur allt verið reynt án árangurs? Undirskrift uppsetningaraðila:

LED-gaumljós	Úrræði 1	Úrræði 2
 <p>Stöðugt</p>	Ef appelsínugula viðvörðunarljósíð á hleðslustýringunni er stöðugt, þá þarf að skipta um hleðslustýringu.	<p>Hefur allt verið reynt án árangurs? Undirskrift uppsetning-araðila:</p> <p>Stöðugt rautt ljós mun alltaf ræsa viðvörðun hjá bakenda-stjórnanda.</p>
	Endurstíllíð lekaliða innan í hleðslustöðinni.	
	Staðfestið að átta póla snöggengið á hleðslustýringunni sé rétt tengt.	
	Staðfestið að jarðtenging og fasar séu rétt þegar rafkerfið er sett upp	
	Þegar bíll er tengdur: Aftengið hleðslusnúruna frá hleðslustöðunni, þá ætti LED-ljósíð að verða GRÆNT. Endurtengið hleðslusnúru til að hefja hleðslu. Hleðsla mun endurræsa sig sjálfkrafa eftir 15 mínútur ef snúran er ekki aftengd.	
	Endurstíllíð útsláttarrofa.	
	Athugið hvort skammhlaup hafi átt sér stað í víratengingum og íhlutum að innan.	
	Staðfestið leyfilegan hámarksstraum í hleðslustillingum bakenda (OperatorCurrentLimit).	
	Athugið skemmdir í vírum og tengingum á mótórlás. Staðfestið að stöng og armur láskerfisins séu ekki föst.	
	Staðfestið að tengið sé vel sett inn í innstunguna. Vel má beita vægu afli.	
	Staðfestið að engir utanaðkomandi hlutir séu í innstungu úttaks sem gætu hindrað tengið.	
	Staðfestið að mótórlásinn sé settur rétt upp og án sýnilegra skemmda.	
Athugið skemmdir á hleðslusnúru og tengjum. Prófið með annarri snúru ef það er hægt.		

LED-gaumljós	Úrræði 1	Úrræði 2
 Stöðugt	Staðfestið að CP og PP tengipinnar og vírar séu ekki lausir eða með slæma tengingu. Staðfestið jarðtengingu hleðslustöðvarinnar.	Hefur allt verið reynt án árangurs? Undirskrift uppsetningaraðila: Stöðugt rautt ljós mun alltaf ræsa viðvörðun hjá bakenda-stjórnanda.
 Stöðugt (3 sekúndur)	Staðfestið að RFID-merkið er samþykkt af bakenda (hafið samband við bakendastjórnanda).	Hefur allt verið reynt án árangurs? Undirskrift uppsetningaraðila:
 Blikkar	Staðfestið að RFID-merkið sé vistað í innra minni/undanþágulista hleðslustöðvarinnar (þörf á vottuðum tæknimanni). Hafið samband við bakendastjórnanda og biðið um fjarstýrða virkjun.	
 Blikkar	Engin villa	

LED-gaumljós	Merking/villukóði í vefviðmóti	OCPP-villukóði
 <p>Stöðugt</p>	IDLE (available) - (A) Ökutæki ekki tengt	
	IDLE (available) - (B) Ökutæki tengt, ekki tilbúið	
	IDLE (available) - (C) Ökutæki tengt, tilbúið	
 <p>Blikkar (þrisvar sinnum)</p>	IDLE (available) - (A) Ökutæki ekki tengt	
 <p>Blikkar (30 sekúndna blikk)</p>	AUTHORIZED (available) - (A) Ökutæki ekki tengt	
 <p>Stöðugt</p>	CHARGING (occupied) - (C) Ökutæki tengt, tilbúið	
	CHARGING (suspendedEV) - (B) Ökutæki tengt, ekki tilbúið	
 <p>Blikkar</p>		Reserved
 <p>Stöðugt</p>	Hreyfir ólæstur á meðan hleðslu stendur	connectorLockFailure
	Læsing á tengi mistókst	connectorLockFailure
	Mögulegt vandamál með CP- og PR-virtengingar	otherError
 <p>Blikkar</p>	UNAVAILABLE (ekki tiltækt)	Unavailable

Ábyrgðarskjal / Garantiformulär

Gerð GLB+: _____

M-númer: _____

Uppsetningargögn rafbúnaðs

Stærð öryggis (A) / Grupsþákring (A): _____

Þvermál rafmagnsleiðslu / Kabelarea: _____

Rekstrarprófun

Prófunarkassi/rafbill (gerð) _____

Dagsetning / Datum: _____

Undirskrift uppsetningaraðila / Signatur
installatör: _____

Heiti fyrirtækis / Företagsnamn: _____

Nafn eiganda/viðskiptavinar / Ägare /
kundens namn: _____

Heimilisfang uppsetningar: _____

Ábyrgðarskilmálar

ESB-lönd (nema Svíþjóð)

1. Varan er í ábyrgð af hálfu framleiðanda. Nauðsynlegt er að tilgreina tímabil ábyrgðarinnar í kaupskjölum söluaðila.
2. Aðeins löggiltum uppsetningaraðila/verktaka er heimilt að setja upp vöruna.
3. Nauðsynlegt er að rétt uppsetning, geymsla og notkun fari fram.
4. Ábyrgð gildir aðeins fyrir vörur sem voru settar upp á upprunalegum uppsetningarstað sínum.
5. Uppsetning, notkun, umhirða og viðhald verður að vera venjuleg og í samræmi við leiðbeiningar.
6. Með ábyrgðinni fylgir dagsett, útfyllt ábyrgðarskjal frá vottuðum uppsetningaraðila/verktaka. Ef ekki er hægt að staðfesta upprunalega dagsetningu þegar uppsetning fór fram hefst ábyrgðin níutíu (90) dögum frá framleiðsludagsetningu vörunnar (eins og kemur fram á tegundar- og raðnúmeri).
7. Ábyrgðin gildir ekki um skemmdir vegna rangrar notkunar á búnaði, notkun á öðrum en upprunalegum varahlutum, skort á viðhaldi eða gallar af völdum sundurtektar vörunnar eða inngripi óvottaðs aðila.
8. Hugbúnaður eða uppfærslur á honum fellur ekki undir ábyrgð.
9. Ábyrgðin gildir ekki um útlitsskemmdir af völdum hirðulausrar notkunar eða slysa (skemmdir á ytra byrði).
10. Ábyrgðin gildir ekki um skemmdir af völdum ytri yfirspennu frá annaðhvort dreifikerfi eða bíl/því sem er verið að hlaða.
11. Ábyrgðin gildir ekki um skemmdir af óviðráðanlegum aðstæðum, til dæmis en ekki takmarkað við: flóð, vinda, eld, eldingar, slys, skemmdarverk, hernaðaráttök, hryðjuverk, eldgos, jarðskjálftar eða tærandi umhverfi.

Sverige/Svíþjóð

Garantivillkor enl ALEM 09.

OBS! Fullständigt ifyllt garantiblankett krävs.

Garantin gäller ej om produkten varit utsatt för ett isolationstest, sk meggning.